



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Hlíð

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra mat allra deilda í Hlíð	9
3 Ytra mat.....	Error! Bookmark not defined.
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	20
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	20
6 Foreldrasamvinna	20
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	21
8 Fylgigögn	21
8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	21



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Strax eftir að sumarfríinu líkur tekur við annasamt tímabil í leikskólum. Þar fara í hönd undirbúningur fyrir flutning milli hús og hæða auk þess að undirbúa innkomu og aðlögun barna utanúr bæ, sem við köllum flutningsbörn frá öðrum skólum.

Alltaf ríkir sama eftirvæntingin og spenningurinn hjá börnum og fullorðnum og alltaf sama bjartsýnin hjá okkur stjórnendum.

Við störtuðum nýrri deild „ungbarnadeild“ sem var úthlutað þetta árið í okkar hverfi. Hiti settur í gólf og ein stofa máluð. Auk þess fengum við rafknúð skiptiborð og ákveðna peningaupphæð til húsbúnaðar og leikfangakaupa. Vel tókst til í alla staði, ekki síst að manna þessa deild með afbragðs starfsfólki. Það sem stendur hins vegar í mér er að frá upphafi fórum við fram á að taka gluggana niður en það fékkst ekki. Á þessari nýju ungbarnadeild sjá börnin ekki út um gluggana. Einnig situr það í mér að á bak við spónaplötu hurð er önnur deild, eins deild, sem ekkert var gert fyrir og engir peningar settir í. Nú er komið á daginn að mikil þörf er fyrir álíka ungbarnadeild í þessu hverfi.

En svona er pólitíkin! Ekki spurt að þörf heldur einhverju öðru.

Okkur gekk vel að manna skólann og fengum Barnaheill til okkar á fyrsta skipulagsdegi með félagfærni verkefnið um Blæ sem er frábært verkefni sem nýtist bæði lærðum og ólærðum að vinna með. Veturinn leið og þegar líða fór á nóvember fóru haustlægðirnar, mis djúpar, og haustflensurnar að láta vita af sér.

Við á Hlíð tókum þátt í hefðum og hátíðum almanaksársins og þar koma jólin með öllum sínu uppákomum. Það er okkar trú að leikskólinn eigi að vera skjól barnanna fyrir stressi og látum fullorðna fólksins. Jólin koma þrátt fyrir allt og í fyrsta skipti árið 2019 voru leikskólar Reykjavíkur lokaðir á aðfangadagsmorgun og gamlársmorgun.

Í janúar voru allir á tánum, nýtt ár gengið í garð 2020 það veit á eitthvað. En í villtustu hugsunum okkar hefðum við engan veginn geta ímyndað okkar hvað biði okkar á komandi mánuðum. Ekki bara í okkar litla heimi, leikskólanum Hlíð, heldur myndi heimsbyggðin öll vera undir.

Þetta byrjaði með ókyrrð á vinnumarkaði í Reykjavík þar sem ófaglært starfsfólk Eflingar boðaði til verkafalla sem stóð í rúman mánuð og tók virkilega á alla. Áfram dundu á okkur lægðir með þvílíkum veðurofsa. Þann 14. febrúar boðuðu almanavarnir ríkisins að öllum skólum þar á meðal leikskólum yrði lokað vegna ofsaveður.

Svo kom Covid – heimsfaraldur sem engin vissi hvað bæri með sér en allir vöruðu við að væri bráðsmitandi og gæti varðað líf og dauða fólks.

Eitt er víst að starfsfólk Hlíðar á mikið hrós skilið fyrir framgöngu sína í Covid ástandinu. Fumlaust og jákvætt og tók mikla ábyrgð í sínu vinnulífi og einkalífi á eigin sóttvörnum. Miðað við umræðu í fjölmiðjum og almennt í þjóðfélaginu á hve ástandið og smithættan væri alvarleg og áhættusöm var starfsfólki leikskólanna ætlað að axla þá miklu ábyrgð að vera í framlínunni þegar samkomubönn og takmarkanir voru allstaðar í þjóðfélaginu.

Sumarið var nýtt til að fullklára allar þær skýrslur og greinagerðir sem stóðu útaf eftir veturinn og þar á meðal flöggðum við fána með okkar einkunnarorðum nú í upphafi skólaárs.

Þetta hafa verið skrátnir tímar síðasta hálfa árið og reynt mikið á andlegan styrk allra sem koma að leikskólanum og hefur ástandið verið stundum þrúgandi. Því var fjögurra vikna sumarleyfi sem allir fóru í á sama tíma kærkomið. En aftur stóð fólk frammi fyrir áskorunum. Einungis var möguleiki þetta sumarið að ferðast innanlands. Það var því dálítið sérstakt og umhugsunarvert þegar einn starfsmaður sagði við mig þegar við mættum aftur eftir fjögurra vikna frí „Elsa mér finnst eins og þessar 4 vikur hafi verið eins og ein löng helgi“.

En við tökumst áfram á við heimsfaraldurinn. Höldum áfram spennt en þínu áhyggjufull inn í næsta skólaár 2020- 2021 með metnað í öllu okkar starfi að leiðarljósi. Okkar leiðarljós og einkunnarorð VINÁTTA, VIRÐING OG VELLÍÐAN mun skína í gegn um allt okkar starf með börnum í okkar skóla.

Að lokum er það mín von að við förum að sjá breytt viðhorf hjá pólitíkinni. Að þau sýni frumkvæði, séu afdráttarlaus og standi með börnum þegar að þeim er vegið og þeirra hagur er fyrir borð borinn. Þar á Reykjavík að vera í fararbroddi.



2 Innra mat á Baulu

Umbætur/ma tsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Að efla sjálfshjálp	Að gera börnin sjálfstæðari og efla sjálfstraust	Leggjum áherslu á að barnið læri að gera flesta hluti sjálf, t.d. klæða sig í og úr, ganga frá leikföngum eða ganga frá eftir matartímann	Allt starfsfólk deildarinnar	Ágúst 2020	Ágúst 2021	Samtöl starfsmanna á deildafundum	Að börnin finni að þau geti gert meira sjálf og verða minna háð fullorðnum með einfaldar athafnir.
Markvissar sögustundir	Að efla börnin í að sitja og hlusta og kenna þeim í gegnum sögur.	Að hafa fjölbreyttar og lifandi sögustundir, með bókum, fígúrum, loðtöflusögum, grímum , hljóðfærum o.s.frv.	Allt starfsfólk deildarinnar	Ágúst 2020	Ágúst 2021	Samtöl starfsmanna á fundum, búa til hugmyndabanka með fjölbreyttum aðferðum sem allir geta gripið í .	Skoða hvernig starfsfólki hefur tekist til, eru allir að taka þátt í þessu? Náum við að halda áhuga barnanna?
Skráningar	Markvissari skráningar	Búa til flokka og hafa minnst eina skráningu fyrir hvern flokk. T.d. skráning um sjálfshjálp, leik, útiveru o.s.frv.	Deildastjóri	Ágúst 2020	Ágúst 2021	Samtöl með starfsmönnum.	Skráningar sem liggja fyrir í lok tímabils.
Vinaverkefnið með bangsanum Blæ.	Að kenna börnum vinsemd, virðingu og samkennd	Nota efniviðinn sem fylgir bangsanum, bækurnar,	Deildarstjóri	Okt 2020	Ágúst 2021	Rýnihópur. Samtöl um verkefnið og endurmat.	Að börnin tileinki sér vinsemd og virðingu, nái í bangsann



		plaggötin og tónlistina.					þegar þau þurfa á honum að halda, og skilja hvað bangsinn stendur fyrir.
--	--	-----------------------------	--	--	--	--	---

3 Innra mat á Keili

Ungbarnadeild var opnuð í Eskihlíðinni 20. ágúst 2019 og nýr deildarstjóri ráðinn að taka við þeirri deild. Hiti var settur í gólfíð á stærstu leikstofunni og gerðar breytingar á skiptiaðstöðu.

Veturinn 2019-2020 gekk mjög vel á Keili. Deildarstjóri kom með breyttar áherslur og meira skipulag hvað varðar vikuplan deildarinnar þar sem hver og einn starfsmaður fylgdi plani. Meiri áhersla var lögð á málörvun og var stafrófið hengt upp á tveim stöðum á deildinni ásamt því að dýr voru hengd uppá vegg í augnhæð barna.

Á Keili hefur verið lagt mikið upp úr því að efla málþroska barnanna í gegnum leik. Starfsfólk er nálægt börnunum í leik og grípur inn og setur orð á þá hluti og leikföng sem börnin leika sér með. Í fataklefanum hefur sömuleiðis verið lögð áhersla að setja orð á þær flíkur sem börnin fara í hverju sinni. Ásamt því að hvetja þau til að ná í hlutina sjálf og reyna sjálf að klæða sig í.

Leikskólinn sótti um styrk til að innleiða nýja menntastefnu og var áhersla lögð á félagsfærni. Starfsfólk fór á námskeiðið Vinátta/Blær bangsi og hvert barn fékk bangsa til eignar.

Starf leikskólans alls raskaðist töluvert vegna verkfalls Eflingar og þurfti að loka Keili þann tíma sem verkfallið stóð yfir. Einnig urðu miklar raskanir vegna Covid-19 og samkomubannsins sem kom í kjölfarið. Lítill hópur barna fékk að mæta hvern dag. Starfsfólk deildarinnar var sammála um að samkomubannið hafi haft góð áhrif á barnahópinn. Hvert og eitt barn hafi fengið meiri athygli frá hverjum og einum starfsmanni og fengið að blómstra í litlum hóp. Eftir að samkomubanni var aflétt ákvað deildarstjóri að halda litlum hópum og skipta börnum á herbergi samkvæmt því. Lögð var áhersla á meiri lestur fyrir börnin innan þessa litlu hópa og samverustundir notaðar til þess.

Keilir tók þátt í verkefninu Stefnumót sem leikskólinn stóð fyrir í tengslum við Barnamenningarhátíð Reykjavíkur. Það var mat deildarstjóra að velja verkefni sem börnin mundu hafa gaman af og var ákveðið að

fara á stefnumót við leiksvæði í hverfinu. Farnir voru göngutúrar um hverfið ásamt strætóferðum í leit að skemmtilegum leiksvæðum. Teknar voru myndir af börnunum í leik á leiksvæðunum ásamt því að þau voru látin teikna þeirra túlkun á t.d. sandkassa, rólu og rennibraut. Afraksturinn var sýndur í Safnahúsinu Hverfisgötu vikuna 23-28. júní.

Umbætur/ma tsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að allt námsumhverfi barnanna styðji við máltöku og málþroska þeirra.	Markviss kennsla í gegnum daglegt starf deildarinnar í litlum hópum.	Deildarstjóri	September 2020	Júní 2021	Rýnivinna starfsmanna deildarinnar fer fram á deildarfundum.	Að börnin náí tökum á íslensku tungumáli, bæði með málskilningi og bæti við sig orðaforða.
Málörvun	Halda áfram að leggja áherslu á söng í samverustundum og nálgast málörvun í gegnum hann.	Leggja meiri áherslu á íslensk lög.	Allir starfsmenn deildar taka þátt og bera ábyrgð.	September 2020	Júlí 2021	Endurmetið í hverjum mánuði og nýjum lögum bætt við.	Að börnin náí tökum á íslensku tungumáli í gegnum söng og bæti orðaforða.
Læsi	Að gera sögustundum inná deild hærra undir höfuð.	Að vera með sögustundir á hverjum degi fyrir litla hópa hverju sinni	Allir starfsmenn deildar bera ábyrgð á að því sé fylgt og allir taka þátt í framkvæmd.	September 2020	Maí 2021	Endurmetið á deildarfundum mánaðarlega.	Að venja börnin við að sitja kyrr og einbeita sér að því að hlusta og taka eftir.



Læsi	Að gera ritmál sýnilegra á deildinni.	Merkja leikhólf með nafni. einnig allt sem fer uppá vegg verði merkt með ritmáli. t.d. dýr eða tölur	Deildarstjóri	September 2020	Október 2020	Endurmet á vorönn hvort bæta þurfi aðgengi ritmáls.	Gera börnin meðvituð um ritmál
------	---------------------------------------	--	---------------	----------------	--------------	---	--------------------------------

4 Innra mat á Laka

Nýr deildarstjóri tók við á Laka í ágúst 2019. Ekki lá fyrir mat á deildarstarfi Laka vegna starfsársins 2018-2019. Innra mat fór ekki heldur fram vorið 2020 vegna ófyrirséðra aðstæðna, verkfalls starfsmanna í Eflingu og síðar skerts starfs vegna Covid-19.

Fyrri hluti skólaársins á Laka gekk mjög vel. Nýr deildarstjóri kom með breyttar áherslur í starfi og gekk öllu starfsfólki vel að tileinka sér þær. Mikil áhersla var lögð á læsi, m.a. var ritmál gert sýnilegra á deildinni, aðgengi barnanna að bókum var bætt, morgunfundir voru haldnir á hverjum morgni þar sem farið var yfir sjónrænt dagskipuleg og börnin á deildinni fóru í málörvun á herjum degi. Tekin var upp aukin skráning á deildinni og hvert barn fékk sína persónumöppu. Leikskólinn sótti um styrk til að innleiða nýja menntastefnu og var áhersla lögð á félagsfærni. Starfsfólk fór á námskeiðið Vinátta/Blær bangsi, var farið skipulega í það efni í hverri viku og hvert barn fékk bangsa til eignar.

Eftir að verkföll skulu á komst mikið los á starfið. Lítill hópur barna fékk að mæta á deildina á meðan á verkfalli stóð og voru hóparnir líka litlir í samkomubanninu. Foreldrar tóku þessu öllu með jafnaðargeði og eiga hrós skilið fyrir. Erfiðlega gekk að koma öllu í samt lag eftir að starf hófst að nýju um vorið. Starfsfólk var orðið þreytt eftir erfiðan vetur og því var tekin ákvörðun um að leggja áherslu á málörvunarhópana og útivist það sem eftir var af skólaárinu. Að auki tók deildin þátt í verkefni í tengslum við barnamenningarhátíð sem fékk vinnuheitið Stefnumót. Börnin á Laka fóru á stefnumót við fugla út um allan bæ og unnu verk því tengt í listasmiðju. Leikskólinn hélt síðan sýningu með verkum barnanna í Safnahúsinu, dagana 23.-28. júní.

Mat deildarstjóra á starfinu skólaárið 2019-2020 er að þrátt fyrir erfiðleika seinni hluta skólaársins þá hafi starfið gengið nokkuð vel. Starfsfólk tók nýjum deildarstjóra vel, það vann vel saman og því gekk ágætlega að tileinka sér nýjar áherslur og aðferðir. Enn eru þó mörg tækifæri til umbóta. Á næsta skólaári verður haldið

áfram að vinna með félagsfærni barna á deildinni og verður stuðst við verkefnið Vinátta/Blær bangsi. Leikskólinn heldur líka áfram að innleiða nýja menntastefnu og verður lögð áhersla á læsi það skólaárið.

Umbætur/ matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsleg samskipti	Að auka jákvæð og bætt samskipti barna á deildinni.	Unnið verður með vináttuverkefni Barnaheilla 2x í viku í smærri hópum. Sjónrænar leiðbeiningar um samskipti á veggjum sem og lausnamyndir	Allir starfsmenn bera ábyrgð á að tileinka sér jákvæð samskipti og eru fyrirmyndir barnanna þar að lútandi. Deildarstjóri leiðir hópavinnu og útdeilir verkefnum.	Sep.	Apr.	Símat, hópastarf er endurmetið á deildarfundum, 1x á haustönn og 1x á vorönn, sameiginleg ígrundun skráð í fundargerð.	Jákvæður skólabragur, þar sem börnin tileinka sér jákvæð samskipti, gleði ríkir í hópnum og öllum líður vel. Börnin læra að nýta viðeigandi lausnir í ágreiningsmálum
Læsi	Leskrókur	Bæta aðgengi barna að bókum, setja upp hillur og gera rýmið meira aðlaðandi þannig að það hvetji börnin til lesturs/að skoða bók	Starfsmenn deildarinnar, deildarstjóri ber ábyrgð á verkinu.	Sep.	Sep.	Fyrir og eftir ljósmyndir, símat og sameiginleg ígrundun á deildarfundum í október, skráð í fundargerð.	Að börnin leiti meira í að lesa/skoða bækur sér til ánægju og fari vel með bækurnar.
Læsi	Að festa málörvunarhópa á deild í dagskipulagi	Börnin fara í litla málörvunarhópa, spil og umræður, a.m.k. 2x í viku. Tvítyngd börn, sem þurfa á því	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagi málörvunar og allir starfsmenn	Sep.	Apr.	Markvisst endurmat á deildarfundum, sameiginleg ígrundun og staða einstakra	Að málþroski barna á deildinni taki eðlilegum framförum og að börnin geti



		að halda, fara að auki í málörvun hjá sérkennslu- stjóra	bera ábyrgð á að málörvun fari fram eftir skipulagi.			barna skráð í fundargerð. Skráningar barna notaðar til að meta framfarir. Öll börn skimuð með Efi 2 að hausti og aftur eftir áramót sé þörf á.	notað málið sér til gagns.
Læsi	Að gera sögu- og söngstundum hærra undir höfði.	Að vera með sögu- og söngstundir á hverjum degi. Bæta bókakost deildarinnar og nýta hljóðfæri og fjölbreyttar aðferðir í sögustund. Þjóða börnum að koma með bækur í skólann.	Allir starfsmenn taka þátt í og bera ábyrgð á að þessar stundir fari fram á hverjum degi.	Sep.	Apr.	Endurmetið á deildar-fundum. Árangur skráður í fundargerðir.	Að málþroski, frásögn, hlustun og einbeiting, barna eflist og að þau þori og hafi gaman að því að taka þátt í söngstundum.



5 Innra mat á Öskju

Umbætur/ matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Starfsumhverfi deildarinnar, gera það betra bæði fyrir nemendur og starfsfólk	Bæta námsumhverfi t.d. með nýjum námsgögnum og gera umhverfið hlýlegri og hvetjandi til náms.	Kaupa námsgögn sem virka í því starfi sem við erum að leitast eftir að bjóða upp á. Mála stofur í fallegum litum og bæta vinnuaðstöðu t.d. setja upp nýjar hillur, nýja starfsmannast óla, hillueiningar til að skipta rýmum, mottur til að vinna að bætttri hljóðvist Skipt um glugga og laga sprungur á húsi, skipta um ónýtan ofn í stofu 2.	Deildastjóri/ Leikskólastjó ri / SFS	Haust 2019- 2020	Starfsfólk deildarinnar, nota myndir fyrir og eftir	Vor 2020: Markmið tókst að nokkru. Deildastjóri notaði verkfall Eflingar til að mála vegg, setti upp hillur og milli einingar til að skipta upp stofum. Skipt var um ofn eftir mikið þref. Ekki hefur enn verið farið í gluggann sem lekur né hefur verið farið í sprunguviðgerðir á húsinu. Þrátt fyrir athugasemdir um að deildin sé illa þrífinn hefur ekkert verið gert til að bæta þau .

		Hvetja til þess að betur sé þrifið !!!				
Nýta betur möguleika deildar /útsvæðis	Skipta svæðum upp með milli veggjum /skápum Hafa útiveru í vali Nýta Kröflu þegar þau eru í Valsheimilinu Nota allt rýmið sem við höfum	Á miðvikudögu m og fimmtudögum er deildin með dalinn Á mánudögum er hluti deildarinnar Á Kröflu þegar þau eru ekki heima Svo það er aðeins hluti deildarinnar inni samtímis þessa daga	Deildastjóri	Sept 2019 / vor 2020	Í lok skólaárs munu starfsmenn skoða hvernig þeim fannst þessi skipting. Október, Skráð í fundargerð.	
Starfsfólk nýti betur daglegar athafnir til náms og samskipta að starfsfólk taki virkan þátt í leik barna og myndi tengsl í gegnum leik	Starfsmenn séu styðjandi í leik Starfsmenn fari inn í leik á forsendum barnanna Starfsmenn nýti aðstæður til málörvunar	Starfsfólk hvatt til þess að nota hvert tækifæri til að eiga í jákvæðum samskiptum við börnin Starfsmenn komi inn í leik barnanna á þeirra forsendum	Deildastjóri	Sept 2019 / vor 2020	Hver starfsmaður gerir Samskiptar mat og teygjur gefðu tíu einu sinni í febrúar og einu sinni í maí 2019	Starfsfólki fannst þetta skila árangri og það sást á samskiptarmatinu



Félagsfærni: Vinna sérstaklega með félagsfærni taka inn verkefnið með Blæ bangsa Nota hrósið í samverustun dum Allir hrósa Skipta hópnum oft upp svo allir leiki með öllum	Efla félagsfærni og tilfinningaþrosk a barnanna Börninn séu hvött til að sýna væntumþykju Unnið markvisst með að auka sjálfstrausti	Starfsmenn kynni og vinni með Blæ eftir námskeiðið Vinni með hrós Vinni með vináttu, vellíðan og virðingu	Deildastjóri	2019/2 020	Mat starfsmanna á starfsdegi í júní og mat barna í lok skólaárs.	Mat: Þetta gekk ekki eins og við ætluðum vegna verkfalla og Covid -19 en við erum aðeins komin á stað og höldum ótrauð áfram
Móta reglur og vinna með þeim Gert á hverju ári með nýjum hóp	Reglur deildar ákveðnar með nemendum Hafa reglurnar sýnilegar	Reglur í samdar eftir umræðufund með nemendum Reglurnar hafðar sýnilegar á deildinni og farið yfir reglulega	Deildastjóri	Septem ber 2019/ 2020	Reglur eru sýnilegar og eru endurskoðaðar á hverju hausti með nýjum hóp barna	Börninn setja reglur í samvinnu með kennara t.d. í hópastarfi. Hvetjum til þess að reglur séu jákvæðar .



Marvissari vinna með læsi í starfi deildarinnar	Efla læsi	Ritmál sýnilegt allir kassar merktir. Stafróf á vegg og nöfn barnanna. Skráningar t.d., Þjóðar, veðurfræðing ur og bókasafnsfræ ðingur í hæð barnanna. Gott aðgengi að bókum . Lesið á hverjum degi og ritmál haft sýnilegt. Frjálst aðgengi að pappír, blýöntum og pennum. Markviss málörvun í hópastarfi/sa mveru með söng , þulum, rími og lestri.	Deildastjóri	Sept 2019 / 2020	Mat á hópastarfi Skráning á þeim bókum sem lesnar eru	Vinna samkvæmt læsisstefnu Reykjavíkur Hafa ritmál sýnilegt, Efla Málþroska og hljóðkerfisvitund Horfa á læsi í víðum skilning t.d. félagslæsi, og umhverfislæsi. Gengið mjög vel. Mikill áhugi á bókum og ritmáli, bæði stöfum og tölustofum
--	-----------	---	--------------	------------------------	---	--

6 Innra mat á Grábrók

Starfið gekk vel í upphafi skólaárs. Við vorum vel mönnuð. Hver starfsmaður tók að sér að vera með ákveðinn þátt í hópastarfi (hreyfingu, náttúrufræði, myndlist, jóga og fínhyfingar). Málörvun tók deildarstjóri aðallega í upphafi en síðar tók annað starfsfólk á deildinni meiri þátt í því. Þó er það ljóst að markviss málörvun hefði þurft að vera miklu meiri.

Verkfall Eflingarstarfsfólks og covid-19 höfðu áhrif á starfið. Þó nutu börnin þess mjög að vera fá saman á meðan samkomubanni stóð, þar sem þau voru aðeins 7-9 á hverjum degi. Í vetur var samstarf starfsfólks gott og samskipti og framkoma starfsfólks við börn var góð. Við innleiddum *Vináttuverkefni Barnaheilla* en á deildinni höfum við ekki unnið nógu markvisst með það. Úr því þurfum við að bæta.

Umbætur/ matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Vinna markvissar með málörvun á deildinni. Innleiðing á læsisþættinum í menntastefnunni. Skipta börnum í málörvunar- hóp. Vinna sérstaklega með tvítyngdu börnin.	1) Málörvun a.m.k. 1 sinni í viku fyrir hvern hóp. Lesið í minni hópum a.m.k. 1 sinni á dag. 2) Markviss vinna með söngtexta. 3) Gott aðgengi að bókum til að skoða. 4) Fjölbreytt ritmál í umhverfinu.	Deildarstjóri og sérkennslustjóri / starfsfólk deildarinnar.	Sep t.	maí	Deildarstjóri hefur umsjón með að útdeila verkefnum til starfsfólks, efni til málörvunar, lesturs og söngva. Gera skráningu í málörvunarhóp unum. Metið á deildarfundum.	Börnin sýna framför í orðaforða, skilningi og tjáningu. Þau sýna áhuga á söngvum, sögum og ritmáli. Tvítyngdu börnin sýna framfarir í orðaforða, skilningi og tjáningu.
Félagsfærni	Halda áfram með að hjálpa börnum í samskiptum og vinna með Vináttuverkefni Barnaheilla – Blæ. Starfsfólk hefur verið samstíga í því að vinna með hegðun og leiðbeina í	1) Unnið með félagsfærni í öllum aðstæðum. 2) Umræður á hverjum deildarfundum. Þannig að starfsfólk stilli saman strengi sína og lögð sé	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.	Sep t.	maí	Metið og rætt á deildarfundum.	Börnin læra að eiga árangursrík og jákvæð samskipti. Starfsfólk gefur börnum skýr



	samskiptum milli barna. Við höldum því áfram. Vinna þarf markvissar með Blæ bangsa.	áhersla á góð samskipti fullorðinna við börn. 3) Unnið með Blæ bangsa í samverustundum, í minni hópum.					skilaboð, setur þeim heilbrigð mörk og leiðbeinir þeim í samskiptum. Börn sýna það að þau meðtaki efnið sem unnið er með í Blæ bangsa.
Þykjustuleikur	Veturinn 2019 – 2020 var unnið í því að efla efnivið fyrir þykjustuleik. Nú þarf að efla þennan þátt enn frekar og leggja þá áherslu á þátttöku starfsfólks í að ýta undir þykjustuleik.	1) Nota deildarfundir til fræðslu um mikilvægi þykjustuleiks í þroska barna. Kenna starfsfólki á deildinni hvernig það getur ýtt undir þykjustuleik. 2) Þjóða enn upp á fjölbreyttan efnivið fyrir þykjustuleik.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.	Sep t.	maí	Rætt og endurmetið á deildarfundum.	Starfsfólk lærir að skoða samskipti barna í þykjustuleik og fylgjast og greina hvaða börn þurfa meiri aðstoð við að komast inn í leik. Öll börn hafa tækifæri til að efla félagsfærni sína í gegnum leik.



Þarfa- greining	Veturinn 2019-2020 var gerð þarfagreining á deildinni. Þá var metið hvaða þroskaþætti þyrfti að efla hjá hverju barni. Það reyndist mjög vel. Þetta munum við efla frekar. Miða hópastarf að einhverju leyti út frá þörfum barnanna.	Búa til þarfagreiningu að hausti sem síðan er metin á deildarfundum mánaðarlega. Skipuleggja hópastarf t.d. út frá Hreyfiþroska, félagsfærni og málþroska.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.	Sep t.	maí	Efla skráningu í hópastarfi þannig að auðvelt sé að fylgjast með hvar börnin standa. Okkur vantar matstæki/lista til að geta fylgst betur með þroska barnanna (athuga það í haust). Hópastarf skipulagt mánuð í senn og síðan endurmetið fyrir hvert barn hvað þarf að efla.	Börnin styrkjast og sýna framfarir í þroska. Starfsfólk tekur virkan þátt í að efla þroska barna og lærir að meta hvar hvert barn þarf stuðning.
--------------------	--	--	---	--------	-----	--	--

7 Innra mat á Kröflu

Í Leikskólanum Hlíð var ákveðið að taka inn efni frá Barnaheill – Vinátta, Blær bangsi. Við í leikskólanum teljum að gott sé að hafa námsefni, sem hægt er að vinna með börnum á öllum deildum, og samræmi sé í efni þar sem unnið er með félagsþroska og samvinnu. Á Kröflu gekk nokkuð brösuglega að koma öllum starfsmönnum á námskeið hjá Barnaheill. Innleiðing á Blæ byrjaði í leikskólanum í janúar 2020, Blær mætti á svæðið, börn og foreldrar fengu fræðslu um verkefnið. Síðan skall á verkfall og svo Covid strax þar á eftir. Allt deildarstarf fór nokkuð úr skorðum, reynt var að halda rútínu og vera sem best til staðar fyrir börnin á þessum skrítnu tímum. Blær var ekki innleiddur í hópastarfi eins og til stóð, en nýttum samt ákveðna þætti s.s. sögur og tónlist í starfi. Blær verður innleiddur í starf deildarinnar næsta vetur.

Stór þáttur í starfi Kröflu eru vettvangsferðir, erum dugleg að nýta þau tækifæri sem eru í boði fyrir elstu börn og söfn. Við vildum reyna að virkja börnin betur í ákvörðunartöku um hvert væri farið. Krakkarnir hafa skrásett ferðir með að teikna mynd af því sem þeim fannst athyglisvert í ferðum. Krakkarnir eru ánægð með

ferðir en við vildum taka upp sýnilegra matskerfi hjá krökkunum, hvernig þau upplifa ferðirnar. Útbúið var broskallakerfi, þar sem þau gætu metið hverja ferð. Broskallakerfið komst ekki í gagnið. Allar ferðir lágu niðri frá febrúar fram í maí. Við stefnum á að koma broskallamatinu í gagnið næsta vetur.

Umbótaþáttur/ Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Innleiðing á Vináttuverke fni Barnaheilla um Blæ bangsa	Vinna með Blæ á deildinni. Nota markvisst til að efla félagsþrosk a og samskiptaf ærni	Starfsmen n sækir námskeið hjá Barnaheill. Kynna Blæ í byrjun, í hópastarfi. Nýta efnið í samveru og tónlist	Deildarst jóri og starfsme nn deildar	Haustið 2019 með námskeiði hjá Barnaheill Innleiða í vinnu á deild.	Notað á deild alltaf	Vinna í hópastarfi í byrjun. Skrá hvernig gengur. Meta á deildarfundu m.	Af ýmsum ástæðum komust starfsmenn ekki allir á sama tíma á kynningarnámskeið. Allt venjulegt deildarstarf riðlaðist síðan vegna verkfalls og Covid 19. Blær var því ekki innleiddur jafn markvisst og ætlað var. Við nýttum okkur þó hluta af efninu s.s. sögur og söngva. Stefn er á vinna betur með Blæ næsta vetur
Gönguferðir og heimsóknir	Börn á deildinni komi með hugmyndir að ferðum og meti ferðir.	Fá hugmyndir frá börnum um ferðir og heimsóknir	Starfsme nn	Eftir áramót 2020	Allaf í notkun	Börn skrásett ferðir með mynd. Gefi ferð „einkunn“ með broskalli	Hugmyndir voru ekki margar – meira svona til í allt. Teiknuð mynd af því sem var áhugavert. Matskerfi með brosköllum var útbúið til að meta upplifun af hverri ferð. Komst ekki í notkun, ferðir, engar ferðir voru frá febrúar fram til maí.



Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Vanalega eru starfsviðtöl tekin í febrúar en vegna verkfalla og covid-19 þá raskaðist það plan. Voru tekin inn eftir hentugleika.
- Starfsdagar eru nýttir undir fræðslu fyrir starfsmenn. Í ár var t.d. Menntastefna Reykjavíkur – Látum draumana rætast, vináttuverkefni Barnaheilla, farið á Listasafn Reykjavíkur – hvað er í boði fyrir börn.

8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu börnin í leikskólanum fara í heimsókn í Hlíðaskóla í febrúar og fá að koma inn í kennslustund. Í apríl er þeim boðið á leiksýninguna Rauðhetta og úlfurinn sem fyrsti bekkur setur á svið ár hvert. Síðan er hin hefðbundna heimsókn með foreldrum í vorskóla.

Frístundamiðstöðin Eldflaugin bíður svo í heimsókn að vori.

9 Foreldrasamvinna

- Kosning í foreldraráð á fund í byrjun skólaárs/okt. 2 fulltrúar buðu sig fram.
- Foreldrafundir haldnir í byrjun október á hverri deild fyrir sig kl. 8:30-9:30. Á þeim er farið yfir skipulag deildar, hagnýtar upplýsingar og áherslur á komandi vetri.
- Formleg foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, í nóvember og mars. Deildarstjórar taka foreldraviðtöl en sérkennslustjóri situr líka viðtöl ef tilefni þykir til. Komið er til móts við foreldra með því að hafa viðtöl systkina á sama degi. Fenginn er túlkur ef foreldrar tala ekki íslensku. Vegna óviðráðanlegra ytri aðstæðna þá var seinna viðtalið fært fram í júní.
- Kosið er í stjórn foreldrafélagsins á fundi sem félagið boðar til að hausti. 5-7 fulltrúar eru kosnir. Þeir koma saman eftir þörfum og eru einnig í tölvupóstssamskiptum. Foreldrafélagið sér um ákveðnar hefðir í leikskólanum s.s. jólaball og leiksýningu í desember, sveitaferð, sumarhátíð sem haldin var í garðinum í Eskihlíðinni. Öskjuhlíðardag þar sem farið er í ratleik, hist á Klambratúni á veturna o.fl. Einnig hefur foreldrafélagið tekið þátt í kostnaði við útskriftarferð elstu barnanna. Á aðalfundi hefur félagið boðið upp á fyrirlestur fyrir foreldra.



10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2020 -2021

Sameiginlegir í hverfinu: 11.nóvember 2020, 4.janúar 2021, 10.maí 2021.

Okkar dagar: 25.september, 19.mars, 4.júní

11 Fylgigögn

11.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Elísabet Sigríður Auðunsdóttir

10.09.2020

Leikskólastjóri

Dagsetning



Starfsáætlun 2020 – 2021 Leikskólinn Hlíð

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX

XXXXX XXXXXXXX

XXXXX XXXXXXX

Um starfsáætlanir leikskóla





Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Hlíð**

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ														
1	L		1	Þ		1	F	Foreldrafundur	1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur	1	M		1	M		1	F	Skírdagur	1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ		1	F		
2	S	Frídagur verslunarmanna	2	M		2	F	Foreldrafundur	2	M		2	M		2	L		2	Þ		2	Þ		2	F	Föstudagurinn langi	2	S		2	M		2	F		
3	M		3	F		3	L		3	Þ		3	F	Kakódagur í báðum húsum	3	S		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F		3	L		
4	Þ		4	F		4	S		4	M	Forleldraviðtöl	4	F		4	M	Skipulagsd. - sameiginl.	4	F		4	F		4	S	Páskadagur	4	Þ		4	F	Skipulagsdagur	4	S		
5	M		5	L		5	M		5	F	Foreldraviðtöl	5	L		5	Þ		5	F	Dagur stærðfræðinnar	5	F		5	M	Annar í páskum	5	M		5	L		5	M		
6	F	Opnað eftir sumarleyfi	6	S		6	Þ		6	F	Foreldraviðtöl	6	S		6	M	Þrettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ		6	F		6	S	Sjómanna dagurinn	6	Þ		
7	F		7	M		7	M		7	L		7	M		7	F		7	S		7	S		7	M	Blár dagur - dagur einhverfu	7	F		7	M		7	M		
8	L		8	Þ	Dagur læsis	8	F		8	S	Baráttudagur gegn einelti	8	Þ		8	F	Ljósadagur	8	M		8	M		8	F		8	L		8	Þ		8	F		
9	S		9	M		9	F		9	M	Foreldraviðtöl	9	M		9	L		9	Þ		9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	F		
10	M		10	F		10	L		10	Þ	Foreldraviðtöl	10	F		10	S		10	M		10	M		10	L		10	M	Skipulagsd. - sameiginl.	10	F	Íþróttadagur	10	L		
11	Þ		11	F		11	S		11	M	skipulagsd. - sameiginl.	11	F		11	M		11	F		11	F	Foreldraviðtöl	11	S		11	Þ		11	F		11	S		
12	M		12	L		12	M		12	F	Foreldraviðtöl	12	L		12	Þ		12	F		12	F	Foreldraviðtöl	12	M		12	M		12	L		12	M		
13	F		13	S		13	Þ		13	F	Foreldraviðtöl	13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F	Uppstigningardagur	13	S		13	Þ		
14	F		14	M		14	M		14	L		14	M		14	F		14	S		14	S		14	M		14	F		14	M		14	M		
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F		15	M	Bolludagur	15	M	Foreldraviðtöl	15	F		15	L		15	Þ		15	F		
16	S		16	M	Dagur ísl. náttúru	16	F	Bleikur dagur	16	M	Forleldraviðtöl/ Dagur ísl. tungu	16	M		16	L		16	Þ	Sprengidagur	16	Þ	Foreldraviðtöl	16	F	Grænn dagur - vorkoma	16	S		16	M		16	F		
17	M		17	F		17	L		17	Þ	Foreldraviðtöl	17	F		17	S		17	M	Öskudagur	17	M	Foreldraviðtöl	17	L		17	M		17	F	Lýðveldisdagurinn	17	L		
18	Þ		18	F		18	S		18	M	Foreldraviðtöl	18	F	Rauður dagur	18	M		18	F		18	F	Foreldraviðtöl	18	S		18	Þ		18	F		18	S		
19	M		19	L		19	M		19	F	Foreldraviðtöl	19	L		19	Þ		19	F	Konukaffi	19	F	Skipulagsdagur	19	M		19	M		19	L		19	M		
20	F		20	S		20	Þ		20	F	Foreldraviðtöl-Dagur mannréttinda barna	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ	Barnamenningar-hátíð	20	F		20	S		20	Þ		
21	F		21	M		21	M		21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur	21	S		21	M	Barnamenningar-hátíð	21	F		21	M		21	M		
22	L		22	Þ		22	F		22	S		22	Þ		22	F	Bóndadagur/ Karlakaffi	22	M		22	M	Foreldraviðtöl	22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ		22	F		
23	S		23	M		23	F	Alþjóðlegi bangsadagur	23	M		23	M	Þorláksmessa	23	L		23	Þ		23	Þ	Foreldraviðtöl	23	F	Barnamenningar-hátíð	23	S	Hvítasunnudagur	23	M		23	F		
24	M	Skipulagsdagur/frestadur	24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M	Foreldraviðtöl	24	L		24	M	Annar í Hvítasunnu	24	F	Sjóráningjadagur?	24	L		
25	Þ		25	F	Skipulagsdagur	25	S		25	M	Piparkökubakstur	25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Foreldraviðtöl	25	S		25	Þ		25	F		25	S		
26	M		26	L	Evrópski tungumáladagurinn	26	M		26	F	Piparkökubakstur	26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F	Gulur dagur - hækkandi sól	26	F	Foreldraviðtöl	26	M		26	M		26	L		26	M		
27	F		27	S		27	Þ		27	F	Piparkökubakstur	27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ		27	F	Útskrift	27	S		27	Þ		
28	F		28	M	Foreldrafundur	28	M		28	L		28	M		28	F		28	S	Pálmásunnudagur	28	M		28	M		28	F		28	M		28	M		
29	L		29	Þ	Foreldrafundur	29	F		29	S		29	Þ		29	F		29	M	Foreldraviðtöl	29	F		29	F		29	L		29	Þ		29	Þ		
30	S		30	M	Foreldrafundur	30	F		30	M	Piparkökubakstur	30	M		30	L		30	M		30	Þ	Foreldraviðtöl	30	F		30	S		30	M		30	M		
31	M				31	L			31	F	Gamlársdagur	31	S		31	S		31	M		31	M	Foreldraviðtöl				31	M								